



159. fundur framkvæmdastjórnar ÍSF var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal fimmtudaginn 19. mars 2009 og hófst kl. 16:15.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Krístrún Heimisdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Helga H. Magnúsdóttir, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Friðrik Einarsson, Jón Gestur Viggósson 1. varamaður, Ingibjörg Bergrós Jóhannsdóttir 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, og Oddný Árnadóttir 2. varamaður.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

1. Íþróttaping ÍSF 2009

Engilbert Olgeirsson fylgdi úr hlaði niðurstöðum vinnuhóps um skráningarmál íþróttahreyfingarinnar. Nokkrar umræður urðu um málið og næstu skref.

Gunnar Bragason gjaldkeri kynnti fjárhagsáætlun fyrir árin 2009 og 2010 og skýrði einstaka liði áætlunarinnar.

Framkvæmdastjóri kynnti drög að tillögum og ályktunum fyrir þingið. Skrifstofu falið að lagfæra tillögurnar í samræmi við ábendingar framkvæmdastjórnar og senda stjórn til samþykktar.

Krístrún Heimisdóttir lagði fram minnisblað til vinnuhóps um afrekshópa.

2. Kraftlyftingar

Forseti skýrði frá því að staðfesting hefði borist frá Alþjóðasamböndum um kraftlyftingar um breytingar á skipulagi kraftlyftingaíþróttarinnar á Íslandi og búið væri að ganga frá lausum endum varðandi fjármál Kraftlyftingasambands Íslands. Búið er að stofna félag eða deildir um kraftlyftingar í 5 íþróttahéruðum og útbreiðsla íþróttarinnar gengur vel.

Samþykkt að skipa eftirtalda í Kraftlyftinganefnd ÍSF:

Sigurjón Pétursson, formann

Jakob Baldursson, varaformann

Birgi Viðarsson, gjaldkera

Mariú Guðsteinsdóttur, ritara

Guðjón Hafliðason, meðstjórnanda

Auðun Jónsson, varastjórn

Sæmund Guðmundsson, varastjórn

Með stofnun Kraftlyftinganefndar ÍSF færast aðild Kraftlyftingasambands Íslands að Alþjóða Kraftlyftingasambandinu (IPF), Evrópska Kraftlyftingasambandinu (EPF) og Norræna Kraftlyftingasambandinu (NPF) yfir til Kraftlyftinganefndar ÍSF samkvæmt samþykki stjórna ofangreindra alþjóðasambanda.

3. Þing og fundir

Eftirtalin þing eru framundan:

- 21. mars – UMSE, Dalvíkurskóla
- 22. mars – USAH, Blönduósi
- 24. mars – UMSB, Golfskálinn Hamri

- 28. mars – USVS, Félagshemilið Leikskálar – Vík
- 30. mars – UDN, Búðardal
- 2. apríl – ÍA, Jaðarsbakkar
- 14. apríl – TSÍ, Íþróttamiðstöðin Laugardal
- 22. apríl – HSÍ, Laugardalshöll

Farið yfir mætingu á þingin.

3. Stjórnarfundir

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður 16. apríl nk. Það verður jafnframt síðasti fundur núverandi stjórnar.

4. Ólympísk verkefni

Örn Andrésson skýrði frá fundi sem haldinn var með sérsamböndum ÍSÍ vegna þeirra ólympísku verkefna sem framundan eru.

Skil á endanlegum lista yfir þátttakendur á Smáþjóðaleikum á Kýpur er 1. apríl nk.

5. Heiðranir

Skrifstofu falið að undirbúa lista yfir mögulegar heiðranir á Íþróttapingi ÍSÍ og undirbúa kjör Heiðursfélaga ÍSÍ. Málið verður aftur á dagskrá á fundi framkvæmdastjórnar 16. apríl nk.

6. Alþingiskosningar 2009

Lögð fram drög að spurningalista til útsendingar til framboða til Alþingiskosninga.

Skrifstofu falið að vinna listann til útsendingar og fylgja málinu eftir fram að næsta fundi.

7. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 158. fundur framkvæmdastjórnar
- 3. og 4. fundur framkvæmdaráðs
- Heilbrigðisráðs frá 24. febrúar
- Afrekssjóðs frá 10. mars
- Afrekssviðs frá 5. febrúar og 10. mars
- 1. og 2. fundur Íslenskra getrauna
- 545. og 546. fundur Íslenskrar getspár
- SÍÓ frá 10. mars
- Skýrsla vinnuhóps um skráningamál
-

8. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari